

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 28 18. apríl 1958, um útvarpsrekstur ríkisins.

1. gr.

27. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hverjum útvarpsnotanda ber að innleysa póströfu sína, eða greiða afnotagjald sitt í Innheimtudeild Ríkisútvarpsins, sem sjálf annast innheimtu fyrir Reykjavík og nágrenni, innan mánaðar frá gjalddaga hennar. Að þeim tíma liðnum bætist við gjaldið 10% innheimtukostnaður.

Ógreiddar kröfur skulu endursendar innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins, sem síðan sendir þær til lögtaksinnheimtu á kostnað gjaldenda.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 107.

12. júlí 1966.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Bann við innflutningi á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og könglum svo og hvers konar grænmeti og jarðávöxtum, sem ákveðið var með auglýsingu Landbúnaðarráðuneytisins, dags. 4. marz 1966 og birt í 15. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1966, er úr gildi fellt. Að öðru leyti heldur auglýsingin gildi sínu.

Enn fremur er úr gildi felld auglýsing, dags. 10. marz 1966, birt í 15. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1966, um bann við notkun aðfenginna matarleifa og sláturafurða til gripafóðurs.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 108.

16. júní 1966.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á Reykjanesbraut.

Á tímabilinu 1. maí til 30. september gilda eftirfarandi reglur um hámarkshraða ökutækja á Reykjanesbraut frá vegamótum við Krisuvíkurveg að vegamótum við Hafnaveg (flugvallarveg).